



Borgarstjórn Reykjavíkur
2. júní 2026

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um stofnun menningarráðs

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að stofna menningarráð. Ráðið fer með menningarmál eins og þau eru skilgreind í gildandi samþykkt menningar- og íþróttaráðs Reykjavíkurborgar. Um er að ræða fastanefnd í flokki I samkvæmt samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg og er skipuð fimm fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Forsætisnefnd er falið að vinna samþykkt fyrir ráðið, í samráði við menningar- og íþróttasvið, sem skal lögð fram til afgreiðslu á fyrsta fundi borgarstjórnar í september. Ráðið starfar samkvæmt samþykkt menningar- og íþróttaráðs þar til ný samþykkt liggur fyrir.